

# Stjórnarfundur 13/12/2021.

## Haldinn rafrænt á Zoom.

**Mætt:** Bergrún Stefánsdóttir (BS), Magnús Ingólfsson (MI), Kara Arngrímsdóttir (KA), Ólafur Már Hreinsson (ÓMH), Atli Már Sigurðsson (AMS).

**Boðuð forföll** Jóhann Gunnar Arnarsson (JGA), Ragnar Sverrisson (RS).

1. Formannafundur ÍSÍ  
BS mætti fyrir hönd DSÍ og talaði um að Ásmundur Einar Daðason hafi lagt áherslu á mikilvægi þjóðarleikvangs, einnig var farið yfir fjárhagsstöðu ÍSÍ sem er góð auk þess var farið yfir Lottó greiðslur.
2. Afreksstjóri.  
Engin umsókn hefur borist um stöðu Afreksstjóra DSÍ, rætt var hvort bæta ætti við auglýsingum og dreifa þeim meira og ásamt því að BS athugi hvort afreksstjóri Frjálsíþróttasambandsins hafi áhuga á að taka að sér DSÍ líkao. Spurning líka að auglýsa í Alfreð og samþykkti stjórn það.
3. Val um dansíþróttapar ársins.  
Stjórnarmenn sendu tölvupóst á Bergrúnu með sínu vali.  
Vegna Covid hefur ÍSÍ breytt til og skipt sérsamböndum í þrjá hópa og er DSÍ í hópi 2. Miðvikudaginn 22. desember mun parið ásamt einum stjórnarmanni mæta í sjónvarpsútsendingu þar sem aðilar verða heiðraðir.  
  
Eftir atkvæðagreiðslu er ljóst að Dansíþróttapar ársins 2021 er Nicolo Barbizi og Sara Rós Jakobsdóttir.  
BS mun hafa samband við parið og tilkynna þeim úrslitin og bóka þau á viðburðinn hjá ÍSÍ.  
Atli svarar á næstu dögum hvort hann komist með þeim.
4. Önnur mál.
  - a) Rætt um að búa þurfi til nýja beinagrind að samningi við þjálfara sem mögulega verða eftir áramót.  
Einnig að fá að vita frá pörunum þeirra hugmyndir og hvaða þjálfara þau myndu vilja.
  - b) Spurt um húsnæði fyrir mótin 2022 og er búið að redda húsnæði fyrir þrjú mót.

Þannig fram farið.

Magnús Ingólfsson Ritari.

Næsti fundur 09/01/2022 kl. 17:00